

20. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, haldinn 21. mars 2018 í Þórsveri kl., 17:00.

Mættir: Sverrir Möller, Maríus Snær, Sigríður Ósk og Steinunn Anna.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Steinunn hafði áður verið beðin að rita fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjallaskil 2017 og umræður um fjallaskil. Sigurður Þór Guðmundsson fjallaskilastjóri mætir á fundinn og fer yfir uppgjör fjallaskila.
2. Önnur mál.

1. Fjallaskilastjóri: Sigurður Þór – kynnir uppgjör fjallaskila 2017.

Fundarmenn beðnir að taka með fyrirvara leiðréttingum á fjallaskilaseðli því leiðréttingar bárust til fjallaskilastjóra með ýmsum hætti. Fjallaskilastjóri og fundarmenn fara yfir fjallaskilaseðilinn í sameiningu og leiðrétta jafn óðum ef þess þarf.

Sigurður Þór upplýsir um reikning frá Eggert Stefánssyni vegna flutninga á fé úr Vopnafirði. Eggert ráðin til að sækja fé fyrir Svalbarðshrepp og tók fé úr Langanesbyggð í leiðinni óumbeðinn. Sú stefna var mörkuð af Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar að stefna ekki til auka kostnaðar við fjallaskil. Sverrir nefnir óskrifaða reglu um að hver bóndi sækji sitt fé sjálfur. Er reikningi þessum því hafnað.

Sigurður Þór vill kalla saman fund með Vopnfirðingum, Langnesingum, Þistlum og Öxfirðingum. Til þess að finna lausn á því hvernig skulu smala landið á milli þessara svæða / hlutlaus svæði. Hlutlaus svæði eru þau svæði sem verða á milli gangnamanna. Á þessum svæðum er mikil hætta að fé verði eftir eða úti við leitir.

Samkvæmt útreikningum fjallaskilastjóra á fjallaskilaseðli er halli upp á **63.170 kr.** Landbúnaðarnefnd leggur það til við sveitastjórn að Langanesbyggð greiði hallann úr samfélagssjóði.

Varðandi fjallaskil næsta haust (2018) leggur fjallaskilastjóri til að fyrirkomulag á gangnaseðli verði óbreytt frá fyrra ári. Viðmiðið er að hefja göngur fyrsta föstudag í september ár hvert. Þetta árið er það föstudagurinn 7. september.

Maríus Snær leggur hins vegar til að gögnum á hans leitarsvæði verði flýtt. Nefnir hann máli sínu til stuðnings vond leitarskilyrði til fjalla síðustu ár á þeim tíma sem farið hefur verið í göngur. Þoka, rigning og slæmt skyggni hafa gert það að verkum að gangnamenn hafa þurft að bíða í kofum tímum saman og jafnvel í tvo til þrjá daga. Það er of dýrt að vera með marga gangnamenn á kaupum við það að bíða af sér veðrið í kofa. Önnur ástæða fyrir því að Maríus vill flýta gögnum er sú að þá er fyrir hægt að fara bata lömbin / beita þeim á grænfoodur. Fjallaskilastjóri leggur til að Maríus eigi samtalið við sína nágranna vegna þessa breytinga og sendi síðan í framhaldinu fjallaskilastjóra formlegt bréf.

2. Umræða um fjallskilamál – almennt.

Umræðan um að stofna svokallaðan fjallaskilsjóð tekin upp að nýju. Sú hugmynd að stofna sérstakan fjallskilasjóð hefur fyrir nokkru verið lögð fyrir sveitastjóra og honum ætlað að koma hugmyndinni áfram inni á sveitarstjórnafund. Að svo komnu máli hefur sveitastjórn ekki samþykkt tillögu þessa. Tillagan felur í sér að sjóðurinn sé búin til út frá fasteignamati á land /hverja jörð hvort sem hún er í byggð eða eyði. Sverri falið að ræða við sveitarstjóra vegna þessa máls.

Hvað varðar fjallskil og fjallskilamálefni telur Landbúnaðarnefnd að almenn ánægja hafið verið með fjallskilamál síðustu ára. Bændur hafa komið breytingum og hugmyndum að gangna fyrirkomulagi til fjallskilastjóra og hann orðið við þeim. Flestir þeir sem talað er við vilja frekar finna fleiri menn í færri daga heldur en að hafa færri menn í fleiri daga.

3. Önnur mál.

Innsent bréf frá AM PRAXIS vegna ráðningu á Fjallskilastjóra í Langanesbyggð. AM PRAXIS vinnur fyrir Marinó Jóhannsson í Tunguseli.

Sverrir les upp bréfið til kynningar fyrir Landbúnaðarnefnd. Bréfið á eftir að fara fyrir sveitarstjórn.

Fundi slitið kl., 18:30